

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2626/95

frá 10. nóvember 1995

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1014/90 um ítarlegar framkvæmdarreglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum(*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 frá 29. maí 1989 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum (1), eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum b-lið 1. tölul. í i-lið 4. mgr. 1. gr. og 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með 6. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1014/90 frá 24. apríl 1990 um ítarlegar framkvæmdarreglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum (2), eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1712/95 (3), var hámarksinnihald metanóls í tilteknum tegundum ávaxtabrennivíns aukið í 1 500 g á hektólítra alkóhóls miðað við 100% rúmmál, með fyrirvara um mat framkvæmdastjórnarinnar á beitingu þessa ákvæðis á grundvelli ítarlegrar rannsóknar á því hvort unnt sé að minnka hámarksinnihald metanóls.

Rannsóknin sem fram fór á vegum framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að mögulegt er að minnka hámarksinnihald metanóls í svipað magn og kveðið er á um fyrir ávaxtabrennivín í reglugerð (EBE) nr. 1576/89, en slík minnkun gæti reynst erfið, einkum litlum eimingarstöðvum sem hafa ekki tæknilegt og fjárhagslegt bolmagn til að laga sig fljótt að lægra hámarksinnihaldi. Af heilbrigðisástæðum væri ráðlegt að minnka metanólinnihald í öllu ávaxtabrennivíni eins og frekast er unnt. Því er lagt til að kveðið verði í áföngum á um nýtt hámarksinnihald metanóls í þeim tegundum ávaxtabrennivíns sem um getur í 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1014/90.

Þörf er á aðlögunarráðstöfunum til að leyfa sölu afurða sem búið verður að tappa á flöskur áður en ákvæði um hið nýja hámarksinnihald metanóls öðlast gildi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. nóvember 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit framkvæmdanefndarinnar um brennda drykki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**1. gr.**

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1014/90:

1) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Hámarksinnihald metanóls í ávaxtabrennivíni, sem unnið er úr þeim ávöxtum sem um getur í 1. mgr., skal vera:

- 1 350 g á hektólítra alkóhóls miðað við 100% rúmmál frá 1. janúar 1998, og
- 1 200 g á hektólítra alkóhóls miðað við 100% rúmmál frá 1. janúar 2000, að frátöldu því sem unnið er úr perutegundinni *Williams (Pyrus communis Williams)*.“

2) Eftirfarandi 3. mgr. bætist við:

„3. Heimilt er að hafa til sölu, koma í umferð og flytja út afurðir upprunnar innan bandalagsins og innfluttar afurðir samkvæmt 1. mgr. sem er tappað á flöskur fyrir 1. janúar 1998 eða 1. janúar 2000, eftir því sem við á, og eru í samræmi við þær reglur um metanólinnihald sem voru í gildi fyrir fyrrnefndar dagsetningar.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 269, 11. 11. 1995, bls. 5, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/97 frá 10. júlí 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 160, 12. 6. 1989, bls. 1.

(2) Stjtið. EB nr. L 105, 25. 4. 1990, bls. 9.

(3) Stjtið. EB nr. L 163, 14. 7. 1995, bls. 4.